



241. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands kjörtímabilið 2014-2018, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 22. júní 2015, kl. 15.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Upplýsingar um sorpmagn og skil á upplýsingum til SOS.

Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir kom inn á fundinn. Farið var yfir skil á upplýsingum sorphirðuaðila til SOS.

2. Starfsemi Fengs ehf., Hveragerði.

Sigurður Halldórsson í Feng kynnti starfsemi fyrirtækisins á sviði endurvinnslu.

3. Minnispunktar vegna fundar fulltrúa stjórnar með Sorpu frá 22. maí s.l.

Farið var yfir minnispunkta frá fundinum.

4. Framlenging á samkomulagi við Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs.

Samningurinn framlengist til 6 mánaða, eða til 31. desember 2015.

5. Bókun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss frá 30. apríl s.l.

Lögð var fram bókun sveitarstjórnar. Stefnt er að sameiginlegum fundi fulltrúa stjórnar SOS og Sorpu með fulltrúum sveitastjórnar í Ölfusi til að fá skýrari mynd af vilja sveitarstjórnar varðandi svæðið á Nessandi.

6. Samþykktir SOS.

Farið var yfir samþykktir SOS. Ákveðið var að fella út ákvæði um skoðunarmenn í samþykktunum.

7. Orkugerðin ehf. Staðan og horfur.

Óskað verður eftir áframhaldandi greiðslustöðvun fyrir fyrirtækið. Stjórn SOS felur formanni stjórnar að semja við fulltrúa SOS í stjórn Orkugerðarinnar um áframhaldandi

stjórnarsetu og um greiðslur fyrir þá vinnu sem hann innir af hendi í tengslum við greiðslustöðvun fyrir Orkugerðina.

8. Möguleikar vegna móttöku á sláturúrgangi.

Lagðar voru fram upplýsingar um möguleika til að koma sláturúrgangi í vinnslu ef svo færi að Orkugerðin loki.

9. Framkvæmdir í Kirkjuferjuháleigu.

Unnið er að því að fjarlægja foggirðingar o.fl. Leitað verður tilboða í annan frágang á svæðinu.

10. Önnur mál.

a) Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:45.